

Erindi vegna tjaldstæðis á Raufarhöfn.
Bt Fjölskylduráð Norðurlands.

Sendandi: Hverfisráð Raufarhafnar.

Málefni tjaldstæðis Raufarhafnar

Gerð hefur verið óformleg könnun á meðal íbúa Raufarhafnar og er það mat íbúa að eitthvað verði að gera til að auka og betrubæta tjaldstæðismál á Raufarhöfn fyrir komandi sumar.

Íbúar eru heilt yfir mjög jákvæðir fyrir því að gera eitthvað og engin sem hefur sett sig upp á móti hugmyndum um stækkun **en vanda þarf til verksins.**

Sumar 2020 var vöntun á tjaldstæði á Raufarhöfn og það stefnir í annað ferðasumar að auki munu tjaldsvæði landsins sennilega starfa með einhverskonar fjöldatakmörkunum líkt og síðasta sumar. Því þarf að stækka tjaldsvæðið til að geta tekið á móti fleiri gestum. Tjaldstæði verða seint rekin í gróðrarskini en er gott tæki til að styðja við ferðapjónustu á svæðinu. Og mjög leiðinlegt að þurfa hvað eftir annað að vísa fólki frá þar sem tjaldstæðið er yfirfullt.

Hverfisráð leggur til eftirfarandi breytingar fyrir komandi sumar til prufu og óskar eftir að Norðurland fjármagni þær lágmarksbreytingar sem þar til að þetta geti orðið.

Tjaldstæði verði stækkað og að það verði í boði að tjalda á íþróttavellinum til prufu sumarið 2021. Ekki verið farið í neinn auka kostnað við þetta og þurfa gestir að ganga þarf smá spotta til að fara á klósett. (Ca 200 m í skólann ca 160 m á tjaldstæðið) (sjá myndir í viðhengi)

Því hentar þetta auka tjaldstæði fyrst og fremst fyrir húsbíla, fellihýsi og hjólhýsi sem ekki eru bundin því að þurfa rafmagn. En yrði kærkomin viðbót !

Mikill kostur væri að setja gangstíg á milli íþróttavallar og gamla tjaldstæðis en ekki eru til kostnaðartölur um það verk.

Milliveggur settur upp í grunnsólahúsnæði til í anddyri til að hægt sé að nýta salernisaðstöðu þar. Efniskostnaður við slíkt er í kringum 70.000 að mati hverfisráðs fyrir utan vinnu, einföld smíði þ.e grind og krossviður

Sett verður upp losunaraðstaða fyrir ferðasalarni fyrir sumarið 2021- þetta er bráðnauðsynlegt þar sem engin starfsmaður er allajafna á tjaldstæðinu og því erfitt að fylgjast með því að fólk sé ekki að hella úr þessum ferðasalernum í almenningssalarni með tilheyrandi óþrifnaði. (Ekki búið að kostnaðargreina en ódýrasta lausnin sem nýtt er á einhverjum tjaldstæðum er að koma niður „bamba/ bömbum“ sem grafnir eru niður og losaðir þegar skólplosun fer fram á svæðinu.

#Leitað verði leiða til að fjölga rafmagnstengslum fyrir komandi sumar á tjaldstæðinu sjálfu og ef ekki þar þá bráðabyrgðar stöð sem væri hægt að nýta á íþróttavellinum ef það er hagstæðara og eða þægilegra en að hið minnsta verði málið skoðað með jákvæðu hugarfari að hálfu Norðurþings.



Posts

Bjóða uppá aukatjaldstæði á íþróttavellinum

Added by you



41 votes

Bjóða uppá að nýta WC í skólanum

Added by you



34 votes

Bjóða uppá aukatjaldstæði á lóðinni við sparkvöllinn

Added by you



20 votes

Ekkert að vera hræra neitt í þessu !

Added by you

+ Add a poll option